



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. ágúst 2006

Tilvísun: UST20060700043/sf

## **Stækkun móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðis að Strönd í Rangárþingi ytra. Mat á umhverfisáhrifum.**

Við er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 7. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Framkvæmdin felst í stækkun og breytingu á móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. í landi Strandar í Rangárþingi ytra. Um er að ræða 17,6 ha svæði þar sem tekið yrði á móti og meðhöndluð allt að 5.200 tonn af úrgangi árlega.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrsluna. Kaflaheiti hér að neðan miðast við kaflaheiti í skýrslunni.

### **Samantekt**

Í samantekt í frummatsskýrslu segir m.a.:

*„Allur lífrænn úrgangur sem fellur til að Strönd og telst óvirkur er endurnýttur á staðnum”.*

Umhverfisstofnun bendir á að lífrænn (eða lífbrjótanlegur) úrgangur telst ekki óvirkur úrgangur. Gæta þarf að rétttri hugtakanotkun í skýrslunni. Vætanlega er hér átt við hættulítinn sláturúrgang sem reyndar er skilgreindur síðar í skýrslunni, þ.e. á bls. iv og einnig timbur. Jafnframt þarf að íhuga að sjálfdautt fé sem safnað er á þjónustusvæði (og er það frumkvæði lofsvert í sjálfu sér) er grafið að Strönd. Slíkur dýraúrgangur er ekki talinn vera hættulítill heldur hættulegur. Þó vera megi að slíkur úrgangur sé ekki alltaf hættulegur, fer það að sjálfsögðu eftir því úr hverju skepnan drapst.

### **Helstu orðskýringar**

Bls. iv í frummatsskýrslu:

Breyta þarf hugtökunum *hættulegur úrgangur* og *hættulítill úrgangur í hættulegur dýraúrgangur* og *hættulítill dýraúrgangur* og nota þau í samræmi við reglugerð nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.

Bls. v í frummatsskýrslu:

Fyrir aftan textann *„Rúlluplast: Heyrúlluplast, fellur einnig undir Landbúnaðarúrgang”* þarf

að bæta „og einnig umbúðargang“.

## 1.2. Lög og reglugerðir

Í töflu 1.1 þarf að bæta við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs undir Umhverfisstofnun.

## 1.4. Gerð frummatsskýrslu

Nafninu (*Cornelis A.*) *Mayles* þarf að breyta í *Meyles*.

## 1.6. Áhrifsvæði

Aftan við „*Staðbundin áhrif vegna breytinga á gróðarfari og umhverfi*“ mætti gjarnan bæta við: *p.m.t. grunnvatn*.

## 2.1 Núverandi fyrirkomulag

Enn ber á rangri hugtakanotkun í þessum kafla enda segir neðst á síðu 6: „...*má losa óvirkan úrgang, s.s. landbúnaðarplast, brotamálma og byggingarúrgang.*“ Bent er á að upptalin úrgangsefni eru ekki talin vera óvirkur úrgangur (ekki talin upp í lista í viðauka II með reglugerð nr. 738/2003) nema fyrir liggja útskolunarpróf sem sýnir að úrgangurinn uppfylli viðmiðanir fyrir óvirkan úrgang.

### 2.1.1 Flokkunar- og móttökusvæði

Sama athugasemd og undir 2.1.

### 2.1.3 Samsetning og magn úrgangs

Sama athugasemd og undir 2.1 á við töflu efst á bls. 9 í frummatsskýrslu.

Þá er neðst á síðu 9 notað hugtakið „*neysluúrgangur*“. Það hugtak er hvergi skilgreint í lögum og reglugerðum og því þarf að breyta því (væntanlega í heimilisúrgang).

### 2.3.2 Óvissuþættir

Ofarlega á síðu 12 er notast við orðið „*sorp*“. Það hugtak er að verða úrelt og væri frekar unnt að styðjast við lög og reglugerðir og kalla það frekar heimilisúrgang.

### 2.4.1 Stækkun og frágangur urðunarsvæðis

Á bls. 15 er núverandi athafnasvæði tilgreint og kemur m.a. fram að gert sé ráð fyrir því að tímabundin geymsla ýmissa stærri vélhluta (t.d. kranabíla o.p.h.) verði áfram möguleg á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að vandasamt getur reynst að að fá eigendur af slíkum hlutum til að taka við þeim aftur ef verðmæti þeirra er almennt talið lítið sem ekkert. Þá hefur reynslan sýnt að hæglega getur farið svo að rekstraraðili sitji uppi með þennan varning af ýmsum ástæðum, t.d. vegna gjaldþrots, og lendir þá förgunarkostnaður gjarnan á rekstraraðila, enda er hann ábyrgur fyrir úrgangi á svæðinu. Þar sem oft er um að ræða stóra hluti sem erfitt og kostnaðarsamt getur verið að farga er hætta á að þeir verði áfram á staðnum og eru þeir jafnframt gjarnan mjög sýnilegir. Umhverfisstofnun leggur því til að rekstraraðili setji skýrar reglur um geymslu og að eitthvað verði greitt fyrir þessa þjónustu, t.d. í formi leigugjalds.

### 5.3.2 Jarðmyndanir

Í umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir segir að fyrirhugað framkvæmdasvæði falli ekki undir ákvæði laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og áhrif framkvæmdanna á þennan þátt séu því ekki fyrir hendi. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í

37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eru tilgreindar jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta skulu sérstakrar verndar, en þar er ekki ekki tæmandi upptalning á jarðmyndunum sem slíkum. Framkvæmdir geta því haft áhrif á jarðmyndanir þó að þær hafi ekki áhrif á jarðmyndanir sem falla undir 37. gr. fyrrgreindra laga eða aðrar jarðmyndanir sem hafa sérstakt verndargildi.

### 5.3.3 Ráðstafanir

Staðhæft er að ekki sé talin þörf á botnþéttingu urðunarreina fyrir sláturúrgang og eru borin upp nokkur rök fyrir því. Umhverfisstofnun telur að tilgreina þurfi, ef ekki er gert ráð fyrir botnþéttingu, hverjar séu mögulegar mótvægisáðgerðir ef styrkur næringarefna í grunnvatni eykst. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á að stofnunin hefur ekki veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs hvað varðar botnþéttingu fyrir urðunarstaðinn að Strönd, sbr. 25. gr. reglugerðarinnar.

### 5.6 Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun vekur athygli á að þau viðmið sem talin eru upp í umfjöllun um sjónræn áhrif á bls. 32 í frummatsskýrslu er ekki öll að finna í lögum um náttúruvernd, eins og tilgreint er í texta. Þá telur stofnunin að skýra verði betur hvað átt er við með að áhrifin séu bein, varanleg og afturkræf, þ.e. hvaða þættir starfseminnar hafi varanleg áhrif og hvaða þættir starfseminnar séu þess eðlis að áhrifin séu afturkræf. Þá telur að stofnunin að skýra verði betur hvað átt er við með að ekki sé talið að núverandi og fyrirhuguð starfsemi sorpstöðvarinnar hafi neikvæð áhrif, enda mun starfsemin hafa í för með sér jarðrask og breytingar á landi, jafnvel þótt hægt sé að færa rök fyrir því að þau áhrif verði ekki veruleg.

Á bls. 33 í frummatsskýrslu kemur fram að „plöntun trjáa og runna mun hafa jákvæð áhrif sem fokvörn og til að lágmarka sjónræn áhrif.” Umhverfisstofnun bendir á að plöntun trjátegunda sem slík hefur sjónræn áhrif í för með sér og breytingu á ásýnd lands, en getur hins vegar takmarkað sýn að framkvæmdasvæðinu.

### 6.2 Niðurstöður

Umhverfisstofnun bendir á að vöktun svæðisins hefur fyrst og fremst beinst að tilteknum mengunarefnum sem er að finna í sigvatni/grunnvatni, s.s. NH<sub>4</sub> og NO<sub>3</sub> og svo hefur verið mælt pH, leiðni og COD. Stofnunin hefur ekki séð ástæðu til að láta mæla smitefni í vatninu frá urðunarstaðnum en bendir á að slík krafa kann að vera gerð áður en ákvörðun verður tekin um botnþéttingu/sigvatnssöfnun.

### Annað

Hvergi kemur fram í frummatsskýrslunni að starfsemin komi til með að lenda í 1. flokki mengandi starfsemi skv. fylgiskjali 1 með starfsleyfisreglugerð nr. 785/1999 og einnig 1. eftirlitsflokki skv. regl. 786/1999 en var í 3. flokki.

Bent er á að á sínum tíma voru gerðar alvarlegar athugasemdir af ábúendum nærliggjandi bæja vegna hættu á mengun vatnsbóla á svæðinu. Vakin er athygli á því að mengun á grunnvatni nálægt urðunarstaðnum varð allveruleg og umfram mörk í starfsleyfi um tíma árið 2003 þegar mikið af mjög blautum sláturúrgangi var urðað að Strönd. Lífræn mengunarefni mældust mjög há í tveimur borholum sem eru um 100 og 150 m frá urðunarrein. Því er ástæða til að fylgjast vel með ástandi grunnvatns, sérstaklega með það í huga hversu lítil rotnun í sláturúrgangi hefur væntanlega verið á svæðinu til þessa. Í framtíðinni má gera ráð fyrir fljótari rotnun í kjölfar aukinna krafna um formeðhöndlun þessa úrgangs, s.s. hökkun. Því er ekki vitað hversu mikið magn urða má af hökkuðum sláturúrgangi án þess að